

## FW: Nýtt námskeið: Ársreikningar sveitarfélaga og mat á afkomu þeirra

**Til** : Hulda Sigurðardóttir  
**Frá** : Ellen Mjöll Magnúsdóttir Hlíðberg  
**Heiti** : FW: Nýtt námskeið: Ársreikningar sveitarfélaga og mat á afkomu þeirra  
**Málsnúmer** : 2105447  
**Málsaðili** : Háskóli Íslands - stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála  
**Skráð dags** : 05.05.2021 11:00:04  
**Höfundur** : Háskóli Íslands - stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála

**Viðhengi** image002.jpg image002.jpg

**From:** Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála <[stjornsyslaogstjornmal@hi.is](mailto:stjornsyslaogstjornmal@hi.is)>

**Sent:** miðvikudagur, 5. maí 2021 08:51

**To:** Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála <[stjornsyslaogstjornmal@hi.is](mailto:stjornsyslaogstjornmal@hi.is)>

**Subject:** Nýtt námskeið: Ársreikningar sveitarfélaga og mat á afkomu þeirra

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála minnir á:

Námskeiðið mun einungis fara fram **í fjarnámi**. Fjarnámið er sent út í beinu streymi en einnig verður upptaka af námskeiðinu aðgengileg tímabundið eftir að því lýkur.

**Umsjónarmaður** og fyrirlesari er Gunnlaugur A. Júlíusson, hagfræðingur og fv. sveitarstjóri. Gunnlaugur A. Júlíusson er hagfræðingur með MS gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hann er einnig löggildur verðbréfamíðlari frá Háskólanum í Reykjavík. Gunnlaugur hefur m.a. starfað sem sveitarstjóri í Borgarbyggð og sem sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá hefur hann sinnt margvíslegri hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin og tekið þátt í samstarfi ríkis og sveitarfélaga á sviði efnahagsmála og reikningsskila sveitarfélaga. Gunnlaugur rekur eigið ráðgjafafyrirtæki (GAJ ráðgjöf slf.). Hann er stundakennari við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands og hefur einnig kennt við Endurmenntun Háskóla Íslands.

### [Skráning á námskeiðið fer fram hér.](#)

**Markmiðið** með námskeiðinu er að þátttakendur öðlist aukna færni til að greina ársreikninga sveitarfélaga og ná yfirsýn yfir afkomu þeirra og fjárhagsstöðu. Fjallað verður um uppbyggingu og sérstöðu ársreikninga sveitarfélaga, aðferðir við að leggja mat á afkomu sveitarfélaga, helstu lykiltölur sem kjörnir fulltrúar þurfa að hafa á valdi sínu til að leggja mat á fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins o.fl.

### **Markhópur**

- Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum
- Starfsfólk í stjórnsýslu sveitarfélaga
- Fulltrúar í stjórnnum fyrirtækja og stofnana í eigu sveitarfélaga

### **Á námskeiðinu verður m.a. farið yfir eftirfarandi atriði:**

#### **Lestur ársreikninga sveitarfélaga, m.a.:**

- Sérstöðu ársreikninga sveitarfélaga miðað við ársreikninga fyrirtækja í einkarekstri
- A hluta og B hluta sveitarsjóðs og mismun milli þeirra
- Ársreikning sveitarfélags og einstaka hluta hans, svo sem rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðsstreymisýfirlit
- Eðli innri millifærslna
- Uppbyggingu aðalsjóðs og eignasjóðs

- Uppbyggingu samstæðureiknings sveitarfélaga

#### **Greiningu á afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga, m.a.:**

- Helstu aðferðir við að leggja mat á afkomu sveitarfélaga
- Helstu lykiltölur sem kjörnir fulltrúar þurfa að hafa á valdi sínu til að leggja mat á fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins, svo sem veltufjárhlutfall, veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum, afborganir lána sem hlutfall af veltufé frá rekstri og veltufé frá rekstri sem hlutfall af langtímaskuldum.

**Almennar upplýsingar** um námskeiðið veitir Gústaf Adolf Skúlason forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, netfang [gustafs@hi.is](mailto:gustafs@hi.is) og sími 525-5454.

Tilgangur þessa tölvubréfs er að kynna þér opna fundi, viðburði og námskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands. Ef þú kærir þig ekki um þessar upplýsingar vinsamlegast svaraðu þessum tölvupósti og afþakkaðu þær.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála  
Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands  
Gimli við Sæmundargötu, 102 Reykjavík.

Netfang stofnunarinnar: [stjornsyslaogstjornmal@hi.is](mailto:stjornsyslaogstjornmal@hi.is)

Vefur - Heimasíða stofnunarinnar: <http://stjornsyslustofnun.hi.is/>

Facebooksíða stofnunarinnar: <https://www.facebook.com/stjornsyslustofnun/>

Veftímarit: [www.stjornmalogstjornsysla.is](http://www.stjornmalogstjornsysla.is)